

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 15. október 2003 samþykkt eftirfarandi deiliskipulög fyrir íbúðasvæði á Egilsstöðum:

1. Deiliskipulag þéttingar byggðar við Árskóga á Egilsstöðum. Deiliskipulagið nær yfir lóð nr. 1 við Árskóga (þrjú lítil fjölbýlishús) og nr. 4 við Dynskóga (verslunarlóð).
2. Deiliskipulag þéttingar byggðar við Koltröð. Deiliskipulagið nær til lóða nr. 16 og 18 við Koltröð og gerir ráð fyrir tveimur einbýlishúsum.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 30. október 2003.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á varnarsvæðum.

1. gr.

Af atvinnustarfsemi á varnarsvæðunum sem háð er starfsleyfi eða heilbrigðiseftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja fyrir hönd utanríkisráðherra heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald fyrir verkefni sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja annast í þágu heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlits á varnarsvæðum skal nema 6.100 kr./klst.

3. gr.

Gjöld fyrir starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi skulu vera sem hér segir:

1. Starfsleyfi vegna nýrrar starfsemi: Eitt tímagjald og eftirlits- og sýnatökugjald samkvæmt viðkomandi fyrirtækjaflokki, sbr. 4. gr.
2. Endurnýjun starfsleyfis: Hálf tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Gjöld þessi skulu greiddast við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja heimilt að innheimta eftirlits- og sýnatökugjald af starfsemi eins og fram kemur í viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja heimilt að lækka gjaldið.